

1873.
19. desbr. að sigla burt — en hann hafði skip sitt ferðbúið á höfninni við Hólanes —, nema hann borgaði sekt fyrir ofbeldi það, er hann hefði haft í frammi við Helga Helgason. En sýslumaður hefir nú látið þá skoðun í ljósi, að þarsem tæður skipstjórnarmaður *S. J. Nielsen* við fyrnefnt tækifæri hafði gjört sig sekan í lögreglubroti, er hann var dæmdur í 2 rd. sekt fyrir við lögreglurétt Húnavatnssýslu 4. nóvbr. f. á., fari það fjarri því, að hreppstjóranum hafi yfirsézt í nokkru, þá er hann bannaði skipstjóra að sigla burt, nema hann annað tveggja þegar í stað læti koma bætur fyrir, eða fengi svaramann til tryggingar því, að sekt sú, er hann yrði dæmdur í, yrði goldin, heldur hafi hann sýnt af sér varúð þá og rögg, sem í þessu tilliti samkvæmt lögum er fyrirskipuð í kansellibréfi 22. marz. 1845¹. Samkvæmt þessu hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, og þær, herra landshöfðingi, álituð, að kærán væri ástæðulaus.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þær birtuð það, að með því byggja verður á því, að málið milli skipstjóra *Nielsens* og Helga Helgasonar sè svo sem einka mál, þarsem *Nielsen* var dæmdur í sekt samkvæmt 202. gr. í hegningarlögunum, þá verður eigi álituð, að lög leyfi, og þá sérílagi ekki kansellibréf 22. marz 1845, að leggja bann á að skipið sigldi burt, en tæður hreppstjóri hefði, hvernig sem ástatt hefði verið, ekki haft heimild til þess, ef hann ekki hefir haft umboð, samkvæmt opnu bréfi 28. desbr. 1836, til þess að rita á skipaskjölin, en frá því er eigi skýrt í þessu máli.

29. desbr. 95. Auglýsing fyrir Ísland um mótið á tíu- og tuttugukrónapeningum þeim, sem slegnir verða úr gulli samkvæmt peningalögunum 23. maí þ. á., og um að peningar þessir verði hafðir sem gjaldgengir peningar. (á Íslenzku og Dönsku).

Með allrahæstum úrskurði 21. júlí þ. á. hefir hans hátígn

¹) Lovsamling for Island XIII, 215.

·1873.

29. desbr.

konunginum þóknast allramildilegast að ákveða, að tíu- og tuttugu-krónapeningar samkvæmt peningalögunum 23. maí þ. á. skuli slegnir með móti því, sem hér segir: á aðhverfuna skal setja brjóstmynd hans hátignar konungsins, og umhverfis með lettri: »Christian IX, Konge af Danmark«, og neðan undir myndina sem peningamerki hjarta, ár það, er peningurinn er mótaður, og upphafsstafla á nafni peningasmíðju-forstjórans, en á fráhverfuna konu mynd, er situr milli höfrungs, er tákna sjófarir, og kornbinda, er tákna akuryrkju, og styður hún vinstri handlegg og hönd við ríkismerkið danska, en í hægri hendi heldur hún veldissprotanum, og fyrir ofan skal standa »10 Kroner« eða »20 Kroner«, og hefir hans hátign sömuleiðis samkvæmt 16. gr. í peningalögunum þóknast 12. þ. m. allramildilegast að ákvarða, að hafa megi fyrnefnda gullpeninga sem gjaldgenga peninga frá 1. janúar 1874.

Þetta skal hérmeð gefið almenningi til vitundar.

Í fjárhagsstjórninni, 29. dag desemberm. 1873.

Fr. Krieger.

F. Westergaard,

Ass.